

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 3. apríl 2006, kl 17:15.

Mætt: Jón G. Valgeirsson, Helga Björk Ólafsdóttir, Sigurhanna Friðþórsdóttir, Ólafur Elísson, Gylfi Sigurðsson, Bertha Johansen, Finnbogi Friðfinnsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

1. Skólastarfið og það helsta framundan:

Skólastarfið hefur gengið ágætlega og margt verið á döfinni. Haldnir voru “opnir dagar” 15.-17. mars, þar sem hefðbundin kennsla var lögð til hliðar og unnið að ýmsum “öðruvísi” verkefnum. Í lokin var svo haldin vel heppnuð og vímulaus árshátíð í Kiwanishúsinu. Vikuna 13. – 18. mars dvaldi hjá okkur sænskur skipti-kennari ásamt þremur nemendum og létu þau vel af heimsókninni. Koma þau frá einum af samstarfsskólum okkar í MTC verkefninu.

Kennslukerfið NÁMSKJÁR var tekið í notkun í mars og láta bæði kennarar og nemendur í ljós ánægju með það. Skólameistari gerði grein fyrir fundi hjá Fasteignum Ríkisins vegna viðhaldsframkvæmda sumarsins og einnig samstarfsnefndarfundu, sem ráðuneytið boðaði til þann 30. mars. Gerð stofnanasamnings vegna félagsmanna Kennarasambands Íslands lauk farsælega 15. mars og unnið er að stofnana-samningum annara félaga sem starfsfólk skólans á aðild að.

2. Stofnun foreldra- og hollvinafélags við skólann.

Undirbúningsnefnd vegna stofnunar foreldrafélags við skólann hittist á nokkrum fundum í mars og boðaði síðan til stofnfundar félagsins þann 28. mars, þar sem lög voru samþykkt og þriggja manna stjórn kosin, en tveir til viðbótar verða kosnir í stjórnina í haust. Guðrún Helga Bjarnadóttir, Ólafur Lárusson og Rut Haraldsdóttir voru kosin í þessa fyrstu stjórn foreldra- og hollvinafélags FÍV.

3. Námskeiðahald fyrir kennara og starfsfólk.

Þann 16. mars fengum við til okkar sérfræðing frá IMG – ráðgjöf til að aðstoða okkur á lokaspretti í innleiðingu stefnumiðaðs árangursmats og stýrði hann hálf dags “vinnustofu”, þar sem mættu kennarar, stjórnendur og annað starfsfólk skólans. Heils dags námskeið var haldið 23. mars, fyrir kennarana, um leiðir til að bæta kennslu, virkja nemendur og bæta minni. Hróbjartur Árnason lektor við Kennaraháskólann sá um það námskeiðið og var mjög ánægður með hópinn.

4. Önnur mál.

Finnbogi gerði stutta grein fyrir opnum dögum og árshátíð nemendafélagsins. Nokkur umræða varð um kynningarmál skólans og stöðu þeirra. Samþykkt var að hafa samband við upplýsingafulltrúa bæjarins og kanna möguleika á samstarfi.

Næsti fundur áætlaður þann 8. maí.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl 19:20
Ólafur H. Sigurjónsson.